



Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar fyrir starfsárið 2010 Fundargerð

Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar (HG) vegna starfsársins 2010 var haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju fimtudaginn 30. mars 2011 kl 17:30 til 19:15 að viðstöddum um 30 fundargestum.

Í upphafi fundar bauð formaður, Gunnar Finnsson, fundargesti alla velkomna. Hann þakkaði Grensáskirkju fyrir að hafa eins og ávallt áður boðið HG aðstöðu fyrir aðalfund samtakanna endurgjaldslaust. Þá skilaði hann kveðju Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, sem hafði ætlað að koma á fundinn. Það hefði því miður ekki tekist en ráðherra hefði hins vegar tilkynnt að hann hygðist boða til fundar í næstu viku með stjórnarmönnum frá HG og Eddu Heiðrúnu Backman, leikkonu. Formaður vék síðan að dagskrá fundarins.

Fyrsta mál var **kosning fundarstjóra og fundarritara**. Stakk formaður upp á Þóri Steingrímssyni í embætti fundarstjóra og Guðrúnu Pétursdóttur sem fundarritara. Tillaga formanns var samþykkt með lófataki. Tók Þórir Steingrímsson við stjórn fundarins og stýrði fundi af festu.

Annar liður dagskrár var **Skýrsla stjórnar** fyrir starfsárið 2010. Gunnar Finnsson formaður fór yfir helstu þætti í starfsemi samtakanna á liðnu starfsári. Skýrslan hafði verið prentuð og lá frammi á fundinum. Um starfsemi á árinu er vísað til skýrslunnar sem er fylgisskjal með fundargerð þessari. Að lokinni kynningu formanns var opnað fyrir umræður. Lýstu fundarmenn ánægju með störf HG á árinu og þann stuðning sem samtökin veita Grensásdeild og málefnum endurhæfingar. Aðalfundurinn var sérstaklega meðvitaður um að auður Grensásdeildar felst í frábæru starfsliði sem hefur lyft Grettistaki við afar erfiðar aðstæður. Tók fundurinn undir þakklæti og aðdáun á þessu einstaka liði, sem lýst er í skýrslu stjórnar HG, og bað Stefán Yngvason, yfirlækni á Grensásdeild að bera kveðjuna til starfsmanna.

Þriðji dagskrárliður var **Samþykkt ársreikninga**. Reikningar lágu frammi áritaðir af endurskoðendunum Valdimar Ólafssyni og Valdimar Guðnasyni, og stjórn Hollvina Grensásdeildar. Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri kynnti reikningana og svaraði fyrirspurn. Gjaldkeri gat sérstaklega einstaklinga og félaga sem studdu Á rás fyrir Grensás með framlögum á árinu, auk þeirra sem getið er í ársskýrslu.

Þeir eru:

Eiríkur Karlsson og frú sem gáfu 100.þús. kr.;

ISS-Island ehf sem gáfu 100 þús. kr.;

Miklartorg – IKEA sem gáfu 183760. – kr.;

Óskar Þórarinsson og frú sem gáfu 100 þús. kr.;

Sniglarnir sem gáfu 100 þús. kr.;

Suðurverk verktakar sem gáfu eina milljón króna.

Aðalfundur samþykkti ársreikninginn samhljóða. Um efni er vísað til ársreikningsins sem er fylgiskjal við fundargerð þessa.

Fjórdi dagskrárliður var **Árgjald**, en það hefur verið 1000 krónur frá upphafi samtakanna. Lagði stjórnin til að árgjaldið yrði hækkað um 500 krónur. Aðalfundur samþykkti samhljóða að árgjald HG verði 1500 krónur.

Fimmti liður dagskrár var **Starfsáætlun komandi árs**, sem formaður kynnti fyrir hönd stjórnar. Var gerður góður rómur að starfsáætlunni og hún samþykkt. Í áætlunni er m.a. kveðið á um að megináhersla skuli lögð á stuðning við fjármögnun byggingarframkvæmda til að leysa hin alvarlega húsnæðisvanda Grensásdeildar; að áhersla verði áfram lögð á að verja Grensásdeild við frekari niðurskurði og aðstoð veitt við kaup á tækjum og útbúnaði, sem deildina vanhagar um; og að áfram verði unnið að fjáröflun á vegum HG og nýrra fjáröflunarleiða verði leitað. Þá verður stefnt að því að gera HG að vettvangi umræðna um endurhæfingu, og það staðfest með breytingu á lögum HG (sjá dagskrá lið 7).

Hvað fjármögnun byggingaframkvæmda við Grensásdeild snerti, skildi aðalfundurinn vel að gæta þyrfti aðhalds í ríkisfjármálum en var afar ósáttur við aðferðarfræði stjórnvalda. Var sérstaklega bent á nauðsyn þess að stjórnvöld hættu að horfa eingöngu á kostnað framkvæmda við Grensásdeild heldur mætu jafnframt þjóðhagslega arðbærni þeirra í formi sparnaðar á öðrum sviðum sem og auknu tekjustreymi. Væri það ekki gert væri illmögulegt að taka ákvarðanir um gildi framkvæmdanna á rökrænum grunni. Þetta næði ekki aðeins til framkvæmda við Grensásdeild heldur opinberra framkvæmda almennt.

Sjötti liður dagskrár var **Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga**. Formaður gerði grein fyrir því að Ásgeir B. Ellertsson, fyrrum yfirlæknir á Grensásdeild og frumkvöðull að uppbyggingu endurhæfingar á Íslandi, sem verið hefur varamaður í stjórn HG frá upphafi, hyggðist ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Sömuleiðis hyggðist Þórir Steingrímsson, sem setið hefði í stjórn HG frá upphafi ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Fór formaður fögrum orðum um framlag þessara góðu samherja og þakkaði þeim af alhug fyrir hönd Hollvina Grensásdeildar um leið og hann óskaði þeim allra heilla. Tóku fundarmenn undir þau orð með lófataki.

Í kjöri til stjórnar HG fyrir næsta ár voru : Edda Bergmann, Guðrún Pétursdóttir, Gunnar Finnsson, Otto Schopka og Þórunn Þórhallsdóttir; en til varastjórnar þau Baldvin Jónsson og Guðný Daníelsdóttir.

Aðalfundur HG samþykkti með lófataki kjör þessara aðila í stjórn og varastjórn HG fyrir næsta starfsár.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason. Farið var fram á það við Eddu Heiðrúnu Backman, heiðursfélaga HG, að hún yrði afram sérstakur ráðgjafi samtakanna í fjáröflunar- og kynningarmálum og tók hún því ljúflega.

Sjöundi liður á dagskrá var **Samþykkt á viðbót í lögum samtakanna við greinina um tilgang samtakanna.** Formaður kynnti tillögu um að við grein um tilgang samtakanna verði bætt þessum orðum: ”Samtökin skulu jafnframt styðja við og taka þátt í allri umræðu um þýðingu endurhæfingar fyrir þjóðfélagið.” Aðalfundur samþykkti breytinguna samhljóða.

Síðasti liður dagskrár var **Önnur mál.**

Orri Huginn Ágústsson, sem verið hafði framkvæmdastjóri átaksins Á rás fyrir Grensás sagði nokkur orð og gat þess að heimtur framlaga hefðu verið mjög góðar. Hann færði einnig HG bol merktan Á rás fyrir Grensás, sem Gunnlaugur Júlíusson hafði klæðst þegar hann hóf átakið með því að hlaupa frá Reykjavík til Akureyrar.

Síðan kynnti formaður Stefán Yngvason yfirlækni, sem hélt erindi um stöðu mála á Grensásdeild og kynnti byggingaráform yfirbyggðra bílastæða á lóðinni framan við húsið.

Nokkrar umræður spunnust um áhrif niðurskurðar á starfsemi Grensásdeildar, en ljóst er að álag þar hefur aukist mjög ekki aðeins á starfsmenn heldur ekki síður á sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl 19:15.

ERROR: syntaxerror
OFFENDING COMMAND: --nostringval--

STACK:

(Hollvinir Grensas fundarderd adalfundar 2011 LOKx)
/Title
()
/Subject
(D:20130528140714)
/ModDate
()
/Keywords
(PDFCreator Version 0.8.0)
/Creator
(D:20130528140714)
/CreationDate
(gudrun)
/Author
-mark-